



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/2425
komudagur 17.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2010.

Efni: Tillaga frá Tollstjóra varðandi breytingu á efni d. liðar 2. mgr. 24. gr., frumvarps til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, 560. mál, lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.

Á fundi félags- og tryggingamálanefndar Alþingis sem haldinn var 11. maí s.l. varðandi ofangreint frumvarp var þess óskað að embætti tollstjóra kæmi með tillögu að breytingu á d. lið 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins. Tillagan fylgir hér á eftir ásamt rökstuðningi fyrir henni.

Ákvæðið d. liðar 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

d. „*Kröfur sem eiga rætur að rekja til refsiverðs athæfis.* Fésektir sem ákveðnar hafa verið með dómi, sektir sem ákveðnar eru af stjórnvöldum með úrskurði eða sátt sem gerð hefur verið áður en umsókn um greiðsluaðlögun var lögð fram, skal greiða að fullu. Aðrar sektir falla undir greiðsluaðlögunina. Kröfur um vangoldinn virðisaukaskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda skal greiða að fullu. Kröfur um skaða- eða miskabætur vegna tjóns samkvæmt dómi hefur verið valdið með refsiverðu athæfi skulu greiddar að fullu.“


Bent er á að nauðsynlegt sé að rýmka **d. lið 2. mgr. 24. gr.** frumvarpsins þannig að skattsektir úrskurðaðar af yfirskattanefnd, sem fallið hafa til áður en umsókn um greiðsluaðlögun var lögð fram, skuli greiddar. Í ákvæðinu er einungis talað um *fésektir* sem hafi verið ákveðnar með *dómi* eða *sátt* en ekki með úrskurði stjórnvalds eins og er um sektir yfirskattanefndar.

Þá er enn fremur bent á að í ákvæðum frumvarpsins eru **vörsluskattar** ekki undanþegninir sem sammingskröfur. Það er mjög óeðlilegt vegna eðlis þeirra en vel mætti hugsa sér að **vörsluskattar féllu undir d. lið 2. mgr. 24. gr.** sem fjallar um *kröfur sem eiga rætur að rekja til refsiverðs athæfis*, en vanskil á vörsluskatti, þ.e. virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda, geta varðað sektum og fangelsisvist.

Virðingarfyllst,



TOLLSTJÓRI


Snorri Olsen tollstjóri